

Til þess er málið varðar,

Mér þykir þingsályktunartillaga sú er snýr að húsnæði Listháskóla Íslands bera með sér mikla skynsemi. Sem nemandi LHÍ í húsnæði tónlistar og sviðslistadeilda að Sölvhólgötu 13 þykir mér sérstaklega brýnt að húsnæðismál skólans verði tekin föstum tókum. Fyrir utan þann gífurlega kostnað sem fylgir því að reka skólann í mörgum byggingum á víð og dreif um borgina, með tilheyrandi þjónustuskerðingu og samstillingarleysis, eru þau húsnæði sem skólinn hefur aðsetur í með öllu ófullnægjandi.

Á hverjum degi brýtur Listháskóli Íslands á réttindum fatlaðara með því að hafa ófullnægjandi eða ekkert aðgengi að skólanum. Sölvhólgata 13 heilsuspillandi húsnæði þar sem mygla nýtur sín betur en nemendur, en staðreyndin er sú að sambúð tónlistar- og sviðslistanema hefur reynst erfið sökum daprar hljóðeinangrunar. Þegar nemendur sviðslistadeildar halda sýningar í skólanum þurfum við að biðja samnemendur okkar í tónlistardeild að sleppa æfingum á meðan þeim stendur. Samstarf milli deilda hefur reynst erfitt en raunverulega er enginn farvegur fyrir skapandi samtali milli, t.m.a., sviðslistanema og myndlistanema, þótt þar fari fyrir tvær listgreinar sem eiga mikinn og góðan farveg til samsköpunar,.

Stefán Ingvar Vigfússon,
formaður nemandafélags sviðslistanema